

Tillaga til þingsályktunar

um styttingu biðlista á kvennadeildum.

Flm.: Elsa Lára Arnardóttir, Nichole Leigh Mosty, Einar Brynjólfsson,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Eygló Harðardóttir,
Silja Dögg Gunnarsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja nú þegar átak í styttingu biðlista eftir aðgerðum á kvennadeildum.

Greinargerð.

Hér er lagt til að átak verði gert í að stytta biðlista eftir aðgerðum á kvennadeildum. Upplýsingar eru um að um 300 konur bíði eftir því að komast í aðgerð á kvennadeild Landspítala og biðtíminn geti verið allt að þrjú ár. Aðgerðirnar sem hér um ræðir eru einkum vegna blöðrusigs, ristilsigs, legsigs og þvagleka.

Á dögnum sendi Kvenfélagasamband Íslands frá sér tilkynningu um málið en þar segir m.a.: „Svo virðist vera að konur sem þurfa á aðgerðum sem þessum að halda verði útundan þegar verið er að útdeila peningunum í heilbrigðiskerfinu, Kvenfélagasambandið bendir á að þar er um óbeina kynbundna mismunun að ræða. Það þarf ekki auðugt ímyndunarafli til að sjá að það að þurfa að bíða svo lengi eftir að komast í þessar aðgerðir hefur gríðarlega mikil áhrif á lífsgæði kvennanna sem fyrir því verða.“¹

Flutningsmenn tillögu þessarar taka undir það að löng bið eftir aðgerðum af þessu tagi hafi gríðarlega mikil áhrif á lífsgæði kvennanna sem þar um ræðir. Því er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að hefja nú þegar átak í að stytta biðlistana. Um leið benda flutningsmenn á mikilvægi þess að efla enn frekar heilbrigðisstofnanir víða um landið og fela þeim verkefni. Sem dæmi má nefna að Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi rekur kvennadeild sem væri eflaust vel til þess fallin að taka við verkefnum sem þessum.

¹ www.mbl.is/frettir/innlent/2016/11/19/konur_utundan_i_heilbrigdiskerfinu